



MINNISBLAÐ

Reykjavík, 8. maí, 2026

Viðtakendur: Atli Þór Sigurgeirsson, Sigríður Valgeirsdóttir, Elín Sif Kjartansdóttir, Páll Rafnar Þorsteinsson og Helga Hauksdóttir

Með tilvísun í fund okkar í ráðuneytinu þann 24. apríl s.l., þar sem rædd voru áform og undirbúningur að gerð íslensks risamállíkans, og grein undirritaðra um slík áform sem birtist á Vísi þann 13. apríl s.l., vilja undirritaðir koma eftirfarandi á framfæri í rituðu formi.

Á fundinum var fjallað um tvö tengd en ólík málefni: annars vegar undirbúningur að gerð íslenskra mállíkana og hins vegar víðari uppbyggingu gervigreindarinnviða og þekkingar á Íslandi.

I. Um gerð íslenskra mállíkana

Það var skilningur okkar þegar fundi lauk að ráðuneytið líti á beinan stuðning sinn við tækni tengda íslenskri tungu á næstu misserum sem þátt í víðari langtímauppbyggingu þekkingar og innviða í gervigreind á Íslandi. Við erum hjartanlega sammála þeirri nálgun.

Gott er þó að hafa í huga að máltækni er meira en gervigreind og gervigreind er meira en máltækni. Sniðmengið er vissulega stórt og mikilvægt, en ef áherslan beinist eingöngu að því er hættu á að tækifæri tapist — bæði í máltækni sem byggir á annarri tækni en gervigreind, og í gervigreind sem gagnast öðrum sviðum en tungumáli.

Það var jafnframt skilningur okkar að þarfagreining vegna þessa væri ekki enn lokið. Í ljósi þessa eru undirritaðir á einu máli um eftirfarandi:

1. Við teljum ekki sjálfgefið að eitt risamállíkan sé besta nálgun ríkisstuðnings við innlenda gervigreindarbróun, að minnsta kosti ekki